

Ályktun um notkun ásætuvarna

67. Fjórðungsþing haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 lýsir yfir áhyggjum sínum af notkun ásætuvarna sem innihalda koparoxíð á nótum í fiskeldiskvíum í fjörðum Vestfjarða. Í umsögnum Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar á umsóknum fiskeldisfyrirtækjanna um að fá að nota ásætuvarnir sem innihalda koparoxíð, er bent á að nauðsynlegt sé að leggja mat á langtímaáhrif slíkra ásætuvarna og að hugsanlega geti orðið um sammögnunaráhrif frá sjókvíaeldi innan sama vatnshlotts. Jafnframt kemur fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar að áhrif af notkun slíkra ásætuvarna kunni að felast í uppsöfnun kopars í botnseti sem getur haft skaðleg áhrif á botndýralíf og ástand sjávar á tilteknum svæðum.

Langtímaáhrif af notkun koparoxíðs og uppsöfnun kopars í botnseti í fjörðum Vestfjarða eru ekki þekkt vegna hversu stutt er síðan farið var að leyfa slíka notkun. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur brýnar ástæður til að herða eftirlit með notkun þessara ásætuvarna og að vöktun og rannsóknir verði auknar verulega frá því sem nú er, til að tryggja að ekki verði um skaðleg áhrif af notkun þessara varna að ræða í lífríki Vestfjarða. Stofnanir sem eiga að hafa eftirlit með notkun þessara efna og vöktun þeirra þurfa að vanda mjög til verka og vera vel á verði ef minnsti grunur vaknar um að kopar sé að safnast upp í lífríkinu. Sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum hafa ítrekað bent á í sínum umsögnum nauðsyn vöktunar og aukinna rannsókna og lýst yfir áhyggjum sínum af notkun ásætuvarna sem innihalda koparoxíð. Bent er á að mikil þróun á sér stað í ásætuvörnum í botnmálningu báta og komin eru fram umhverfisvæn efni sem lofa góðu um slíkar varnir. Eftirlitsstofnanir með fiskeldi eru hvattar til að kynna sér niðurstöður rannsókna og prófana á slíkum ásætuvörnum og leiðbeina fiskeldisfyrirtækjum um notkun slíkra varna í stað koparoxíðs til að tryggja velferð lífríkis í fjörðum Vestfjarða sem best.

Ályktun þessi verði send til allra eftirlitsstofnana með fiskeldi á Íslandi auk viðkomandi ráðuneyta.

Flutningsmenn, Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi Jón Arnason og Þórkatla Ólafsdóttir, Vesturbyggð